

Ed.

145. Frumvarp til laga

[86. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1957.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Til 31. janúar 1957 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1956, öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1957.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þar eð nú liggur fyrir, að Alþingi samþykki ekki fjárlög fyrir árið 1957 fyrir næstu áramót, er nauðsynlegt, að ríkisstjórninni verði veitt heimild sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.